

Mýrdalshreppur  
George Frumuselu  
Austurvegi 17  
870 Vík, Mýrdal

Reykjavík, 16. nóvember 2023  
UST202311-081/A.B.  
10.04.02

## **Efni: Lýsing – Breyting á aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2021-2033 og deiliskipulagi og nýtt deiliskipulag - Ferðapjónusta á Norður- og Suður-Fossi**

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Mýrdalshrepps er barst 9. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu vegna breytingar á aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2021-2033 vegna ferðapjónust á Norður- og Suður-Fossi, auk breytingar á deiliskipulagi Norður-Foss og nýju deiliskipulagi fyrir Suður - Foss.

Í greinargerð kemur fram breytingin á aðalskipulaginu gengur út á að núverandi afmörkun VÞ33 Norður-Foss er skipt upp í tvö svæði, annars vegar VÞ33 og svo VÞ Suður-Foss. Skilmálar fyrir nýtt verslunar- og þjónustusvæði verða þeir sömu og gilda fyrir VÞ33, þ.e. Hámarksbyggingarmagn 6.400 m<sup>2</sup> og fjöldi gistirúma verður 400.

Auk þess segir að í samræmi við breytingar á aðalskipulagi verður unnin breyting á deiliskipulagi Norður-Foss og unnið nýtt deiliskipulag fyrir Suður-Foss. Áherslur deiliskipulagsins verða m.a. að staðsetja byggingarreiti fyrir gistirými, afmarka tengingar innan svæði, staðsetja rotþró á Suður-Fossi, skilgreina skilmála um stærðir og hæðir bygginga, staðsetja bílastæði og samnýting innviða.

### **Vatn**

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að skipulagáætlunum sé metið hver áhrif starfseminnar er á vatn í samræmi við lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Grunnvatnshlotið sem ferðamannasvæðin ná til nefnist Suðursandar 103-296-G. Í dag er vatnshlotið skilgreint í góðu efnafræðilegu ástandi.

Fráveita frá ferðamannasvæðunum getur valdið álagi á grunnvatni og því mikilvægt að fjallað sé um hversu margir gestir geta verið á svæðinu að jafnaði og það séu áætlaðar persónueiningar.

Markmið laganna er að vernda allt vatn (yfirborðsvatn og grunnvatn) og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er lögunum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns sem og langtímavernd vatnsauðlindarinnar. Öll vatnshlot eiga að ná umhverfismarkmiðum sínum. Samkvæmt lögunum má ástand vatnshlota ekki rýrna. Gerist slíkt þarf að setja fram aðgerðir til að draga úr álagi á vatnshlotið með það að markmiði að bæta ástandið.

Umhverfisstofnun bendir á að í 28. gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála, þar sem fjallað er um réttaráhrif vatnaáætlunar, segir að opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem

vegna skipulagsmála, náttúruverndar, orkunýtingar og samgangna, skulu vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun. Við endurskoðun eða breytingu skipulagsáætlunar sveitarfélags skal, þegar við á, samræma skipulagsáætlunina vatnaáætlun innan sex ára frá staðfestingu vatnaáætlunar.

Lögin ná yfir grunnvatn og allt yfirborðsvatn (þ.e. straumvötn, stöðuvötn, árósavatn, strandsjó, lón og jökla). Til þess að ná fram markmiðum laganna skal vinna vatnaáætlun, aðgerðaáætlun og vöktunaráætlun en þessar áætlanir voru formlega staðfestar þann 4. apríl 2022 af umhverfis- og orkumálaráðherra. Áætlanirnar gilda sex ár í senn en þær er hægt að finna á vef Umhverfisstofnunar: <http://vatn.is/haf-og-vatn/stjorn-vatnamala/vatnaaaetlun-2022-2027/>. Settar hafa verið tvær reglugerðir, reglugerð nr. 935/2011 um stjórn vatnamála og reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun. Hægt er á sjá skilgreind vatnshlot á vefsíðunni <https://vatnshlotagatt.vedur.is/>.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

*sérfræðingur*

Rakel Sæmundsdóttir

*sérfræðingur*